


## Útgjöld til fræðslumála á Íslandi 2007

Í [Hagtiðindum Hagstofu Íslands](#) má nálgast upplýsingar um útgjöld til fræðslumála á Íslandi á tímabilinu 1998-2007. Samkvæmt Hagtiðindum námu heildarútgjöld til fræðslumála árið 2007 106,4 milljörðum króna eða 8,2% af landsframleiðslu.

### Útgjöld ríkisins til fræðslumála á Íslandi 2007



Þar af var hlutur hins opinbera 96,3 milljarðar króna en hlutur einkaaðila 10,1 milljarður eða 9,5% af útgjöldunum. Af heildarútgjöldum hins opinbera árið 2007 runnu 18,8% til fræðslumála. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa heildarútgjöld til fræðslumála hækkað úr ríflega 7,1% af landsframleiðslu 1998 í rúmlega 8,2% á árinu 2007 eins og áður segir.

Af heildarútgjöldum til fræðslumála árið 2007 runnu um 11,4% til fræðsluhluta leikskólans, 45,1% til grunnskólans, 17,9% til framhaldsskóla, 18,4% til háskólastigsins og 7,3% til stjórnáskóla og þátta sem ekki tilheyra ákveðnu skólastigi. Af útgjöldum hins opinbera til fræðslumála árið 2007 runnu um 9,1% til leikskólastigsins, 49,2% til grunnskólans, 17,6% til framhaldsskólans, 18,9% til háskólastigsins og 5,2% voru útgjöld sem tilheyra ekki ákveðnu skólastigi.

## Úttekt listfræðslu á Íslandi

Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að gerð skuli heildarúttekt á listfræðslu á Íslandi. Úttekt sem þessi hefur ekki áður verið gerð hér á landi en markmiðið er að meta listfræðsluna í leik-, grunn- og framhaldsskóla auk listaskóla. Heimsóttir verða um 35 skólar af öllum skólagerðum og mótaðar tillögur til úrbóta fyrir menntamálayfirvöld, þar með talið sveitarstjórnir, einnig verða þróaðir gæðavísar sem nota má til að bera saman listfræðslu á Íslandi og það sem best er gert í listfræðslu á alþjóðlega vísu, sérstaklega í Evrópu og á Norðurlöndum.

Prófessor [Anne Bamford](#) frá [University of the Arts í London](#) mun vinna úttektina en hún hefur gert hliðstæðar rannsóknir á listfræðslu í Ástralíu, Hollandi, Belgíu og Danmörku auk þess sem hún

stjórnaði nýlegri heimsúttekt UNESCO á áhrifum listfræðslu þar sem byggt er á upplýsingum frá rúmlega 60 löndum.

Framkvæmd rannsóknarinnar verður með þeim hætti að í þrjú daga nú í desember og tvær vikur í janúar nk. mun Anne Bamford heimsækja skólana og funda með ýmsum aðilum sem gefið geta upplýsingar um og innsýn í listmennta- og menningarstarf í landinu. Sendur verður út spurningalisti til allra skólastjórnenda í byrjun janúar nk. þar sem leitað verður upplýsinga um starfsemi skólanna á sviði lista og listfræðslu. Spurt verður um námsframboð, menntun kennara, samvinnu við aðila utan skólans og mat á listfræðslu innan skólans, svo dæmi séu tekin.

Sambærileg úttekt hefur ekki áður verið

gerð hér á landi en hvati úttektarinnar er [Vegvísir fyrir listfræðslu](#) sem UNESCO samþykkti í Lissabon 2006.

Mikilvægt er að úttektin takist vel þar sem niðurstöður eiga að gagnast rekstraraðilum skóla, menntayfirvöldum í landinu jafnt og mennta- og menningarkerfinu í heild.

Jón Hrólfur Sigurjónsson hefur unnið að undirbúningi rannsóknarinnar fyrir menntamálaráðuneyti og er tengiliður við verkefnið. Hægt er að hafa samband við hann í síma 545 9572 eða í tölvupósti ([jon.h.sigurjonsson@mrn.stjr.is](mailto:jon.h.sigurjonsson@mrn.stjr.is)).

Menntamálaráðuneyti vonast eftir góðu samstarfi við alla þá sem leitað verður til vegna rannsóknarinnar.



## Góðir gestir

Menntamálaráðherra fékk skemmtilega heimsókn í nóvembermánuði þegar 18 kátir krakkar frá ljónadeild [leikskólans á Viðivöllum](#) í Hafnarfirði komu í heimsókn. Í vetur hafa krakkarnir verið að vinna með landið okkar Ísland og hluti af þeirri vinnu var heimsókn til ráðherra.

Krakkarnir skemmtu ráðherra með söng, skoðuðu sig um og gæddu sér á ávöxtum.

